

## Foreldraráðsfundur 14. júní 2018

Mættir: Anna Jóna Guðmundsdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir og Björk Hlöðversdóttir.

### 1. Skóladagatal

- Það á eftir að leggja það fyrir fræðslunefnd en gerðar eru ýmsar breytingatillögur s.s. um að starfsmannafundir verði eftir kl. 16.30 í stað þess á dagvinnutíma - en þá fengju starfsmenn frí tvo daga á milli jóla- og nýárs í staðinn. Einnig er gerð tillaga um að loka leikskólanum í 20 daga sumarið 2019.
- Skipulagsdagar eru settir inn á dagatalið í samstarfi við Árskóla.
- Tillaga um að bæta opnu húsi í Sæluviku inn á dagatalið.

### 2. SMT

Spurt var hvort að Árskóli sé að vinna samkvæmt SMT þannig að það sé samfella og samræmt, amk í yngstu bekkjum grunnskólans. Svo er ekki og finnst foreldraráði það ekki nógu gott. Gerð var krafa af hálfu fræðslunefndar um að unnið yrði eftir þessu í leikskólanum og því finnst nefndarmönnum skrítið að ekki hafi verið gerð sama krafa í grunnskólanum þar sem þetta er þá kerfi sem börnin þekkja.

### 3. Foreldra- og starfsmannakönnun

Rætt var stuttlega um niðurstöður en haldin verður annar fundur sérstaklega til kynningar á þeim þann 21. júní næstkomandi.

### 4. Starfsmannamál

- Búið er að manna allar deildarstjórastöður.
- Sveitarfélagið mun aðstoða starfsfólk sem vill fara í nám með því að þeir sem kjósa að fara í nám halda launum í námslotum.
- Það vantar leikskólakennara, eins og staðan er núna eru 1-2 leikskólakennarar á deild.
- Undirbúningstími starfsfólks er af skornum skammti og þegar um manneklu er að ræða þá fellur sá tími niður.
- Umræður um nýja starfsmenn og mikilvægi þess að kenna þau vinnubrögð sem eru mikilvæg í leikskólanum.

## **5. Verkferlar þegar veður er vont?**

Spurt var um hvernig því er háttað og hvar ákvörðun er tekin þegar foreldrar eru beðnir um að sækja börnin vegna veðurs sbr. 23. nóvember síðastliðins. Anna Jóna segir þá ákvörðun vera hjá fræðslustjóra.

## **6. Myndatökur - persónuverndarlöggjöf**

Umræður.

## **7. Biðlisti**

Samkvæmt tölum frá 15. maí eru 15 börn á biðlista eftir leikskólaplássi. Yngsta barnið er fætt á þessu ári.

## **8. Skólaheimsókn starfsfólks leikskólans til Brighton í júní 2018**

44 starfsmenn fóru sem er mjög góð þátttaka. Anna Jóna ætlar að skrifa pistil í Feyki um ferðina og reynslu starfsmanna. Allir starfsmenn tóku niður punkta og settu inn í sameignlegt skjal.

## **9. Skólahópar**

Næsta skólaár verða tveir skólahópar, annar verður blandaður hópur af börnum fæddum 2013 og 2014 til að hægt verði að taka inn fleiri yngri börn. Skólahópar munu þó alltaf vinna að sínum verkefnum sér.

## **10. Húsnæðismál**

Garðurinn “Miðgarður” er oft lítið nýttur og þar hefur veður mikið að segja. Umræður um hvernig megi nýta hann betur. Í heimsókn sinni til Brighton sáu starfsmenn útisvæði þar sem “bú” voru gerð úr ýmsum efniviði sem þarf ekki að kosta mikið. Það er spurning hvort að foreldrar og foreldrafélagið geti komið að slíku hér.

Fundi slitið kl. 11.30.

Björk Hlöðversdóttir ritari